

húsum, sjá bls. 322 og 354 hér að framan). Bjarni mun hafa verið vel efnum búinn, er hann kvæntist Þorbjörgu (hún var bústýra hans áður), og varla hafa efnin gengið saman við tilkomu hennar, og Bjarni talinn harðduglegur bæði til sjós og lands.

4a. Sighvatur Bjarnason bankastjóri Íslandsbanka (síðar Útvegsbanka Íslands), f. í Rvk. 25. jan. 1859, d. í Rvk. 30. ág. 1929. Kv. í Rvk. 29. okt. 1886 *Ástgerði Ágústu Sigfúsdóttur*, f. að Tjörn á Vatnsnesi, V.-Hún., 9. jan. 1864, d. í Rvk. 30. maí 1932. (For.: Sr. Sigfús Jónsson prestur (sjá Reykjahlíðarætt, bls. 34) og k. h. Sigríður Oddný Björnsdóttir Blöndal).

5a. Emilía Sighvatsdóttir, f. í Rvk. 12. okt. 1887. Dugmikil greindarkona. Gift í Rvk. 10. maí 1913 *Jóni Kristjánssyni* lækni, f. að Breiðabólstað í Vesturhópi, V.-Hún., 14. júní 1881, d. í Rvk. 17. apr. 1937. (Sjá Læknar á Íslandi, bls. 171). (For.: Kristján Jónsson bóndi og k. h. Gróa Ólafsdóttir).

6a. Sighvatur Jónsson afgreiðslumaður, f. í Rvk. 29. sept. 1913. Kv. að Grenjaðarstað í Aðaldal, S.-Þing., 14. júní 1941 *Önnu Albertsdóttur*, f. á Húsavík 22. ág. 1918. (For.: Albert Sigtryggsson vkm. og k. h. Elín Indriðadóttir).

7a. Haraldur Egill Sighvatsson, f. í Rvk. 19. júní 1943.

7b. Jón Albert Sighvatsson, f. í Rvk. 14. júní 1949.

6b. Kristján Jónsson loftskammtamaður, f. í Rvk. 4. apr. 1915. Kv. í Rvk. 4. apr. 1943 *Grétu Sveinsdóttur* Austmann, f. á Patreksfirði 28. nóv. 1918. (For.: Sveinn Einarsson rafvirki og k. h. Steinvör Gísladóttir).

7a. Jón Kristjánsson, f. á Patreksfirði 22. sept. 1943.

6c. Ólafur Jónsson útvarpsvirki, f. í Rvk. 2. ág. 1916. Kv. í Rvk. 2. júlí 1949 *Hjördísi Jónsdóttur*, f. á Akranesi 1. febr. 1915. (For.: Jón Pálsson vkm. og k. h. Elín Ólafsdóttir).

7a. Jón Ólafsson, f. í Rvk. 30. júlí 1949.

7b. Ólafur Ólafsson, f. í Rvk. 1. apr. 1951.

6d. Þorbjörg Jónsdóttir, f. í Rvk. 1. nóv. 1918. Bráðvelgefin kona og myndarleg húsmóðir. Gift í Rvk. 15. des. 1954 *Sigurði Ólafssyni* lyfjafraeðing, f. að Brimilsvöllum, Fróðárhr., Snæfellsnesi, 7. marz 1916. (For.: Ólafur Bjarnason bóndi og k. h. Kristólína Kristjánsdóttir. Sjá Kennaratal I, bls. 446).

7a. Ólafur Sigurðsson, f. í Rvk. 18. júní 1946.

7b. Jón Sigurðsson, f. í Rvk. 22. sept. 1947.

6e. Óskirð stúlka Jónsdóttir, f. í Rvk. 28. jan. 1920, d. 30. sama mán. sama ár.

6f. Haraldur Jónsson, f. í Rvk. 24. maí 1921, d. 4. des. 1923.

6g. Ágúst Jónsson stúdent, stýrimaður, f. í Rvk. 2. ág. 1926. *Tvíkvæntur*. Kv. í Rvk. 27. maí 1951 *Jónínu Guðjónsdóttur*, f. á Akureyri 26. ág. 1931. (For.: Guðjón Einarsson verzlunarm. og Elísabet Bogadóttir). *Skildu*.

7a. Bogi Ágústsson, f. í Rvk. 6. apr. 1952.

7b. Emilía Ágústsdóttir, f. í Rvk. 26. maí 1960.

Ágúst kvæntist í Rvk. 18. júlí 1963 annarri konu sinni *Margrétu* Krístrúnu *Sigurðardóttur*, f. í barnaskólanum á Seltjarnarnesi 20. marz 1931. (For.: Sigurður Jónsson skólastj. og k. h. Þuríður Helgadóttir).

5b. Þorbjörg Sighvatsdóttir, f. í Rvk. 14. nóv. 1888, d. í Vífilsstaðahæli 30. apr. 1914. Gift í Rvk. 22. júlí 1910 *Magnúsi Péturssyni* lækni, síðast